

Jafnréttisáætlun Langholtsskóla



Stefna Langholtsskóla er að stuðla að jafnrétti milli kynjanna og að hver einstaklingur, nemandi eða starfsmaður, verði metinn að verðleikum og sýni öllum virðingu í samskiptum. Kynbundin mismunun er óheimil, í hvaða formi sem hún birtist.

Nemendur

Markmið

Í Langholtsskóla

- er leitast við að hafa sem jafnast hlutfall stúlkna og drengja í námshópum
- eru kennsluhættir fjölbreyttir
- er unnið markvisst gegn stöðluðum kynímyndum stúlkna og drengja
- er einelti og kynferðisleg áreitni ekki liðin
- er óheimilt að mismuna nemendum vegna fötlunar
- er óheimilt að mismuna nemendum vegna kyns og kynhneigðar
- eru kennarar hvattir til að gæta þess að jafnrétti sé gætt við val á námsefni.

Kynjahlutfall

Leitast er við að skipta nemendum í bekkir og hópa með jöfnum kynjahlutföllum. Markmiðið er að sem jöfnust kynjaskipting verði í valhópum, nema ef um sérstaka stráka- eða stelpuhópa er að ræða. Sú staða gæti komið upp að það þjónaði jafnréttishugsun að kynskipta hópum. Skoða skal útskýrðan mun á milli kynja hvað varðar valgreinar. Sérstaklega er nauðsynlegt að vinna meðvitað gegn ríkjandi kynímyndum í námsvali. Stundum er nauðsynlegt og gagnlegt að skipta hópum eftir kyni t.d. á bekkjarfundum, í hópavinnu, í sjálfstyrkingarhópum og þegar verið er að ræða mál sem varða eingöngu annað kynið.

Námsmat

Einkunnir í samræmdum prófum skulu skoðaðar árlega með tilliti til dreifingar einkunna eftir kyni. Ef misskipting kemur fram þarf að grípa til aðgerða. Mikilvægt er að kennsluhættir séu í sífelldri endurskoðun.

Sjálfsmynd

Í skólastarfinu eru lagðar fyrir kannanir sem snúa að líðan, sjálfsmynd og tengslum á milli nemenda. Auk þess að meta almennar niðurstöður skal athuga hvort munur eftir kyni sé merkjanlegur og skal þá vinna sérstaklega með þær niðurstöður.

Framkoma

Mikilvægt er að starfsfólk skólans stundi sjálfskoðun og stefni að því að hvetja, hrósa og umbuna óháð kyni. Veita skal báðum kynjum jafna athygli og nota sama orðalag við drengi og stúlkur. Kennari þarf að vera vakandi fyrir jafnrétti í skólastofunni og hann á að hlusta jafnt á drengi og stúlkur á bekkjarfundum. Tryggja skal jafnan aðgang að allri aðstöðu í frímínútum eins og t.d. að fótboltavelli.

Námsefni

Kennarar eru hvattir til að skoða námsefni sem lagt er fyrir með gagnrýnum augum. Námsefni í Langholtsskóla skal ekki styrkja mismunun einstaklinga vegna kyns.

Jafnréttisáætlun Langholtsskóla



Kennsluhættir

Í Langholtsskóla er stöðugt leitað leiða til að koma til móts við alla nemendur og nota kennsluhætti sem stuðla að jafnrétti. Kennarar nota fjölbreytta kennsluhætti til að gefa nemendum kost á að nálgast viðfangsefni sín frá mörgum hliðum. Áhersla er lögð á samvinnunámsleiðina SAFN (Samvinnunám í fjölbreyttum nemendahópi) þar sem unnið er að markmiðum fjölmenningarlegrar kennslu og allir nemendur virkjaðir til samstarfs.

Félagsstarf nemenda

Í reglum og lögum um nemendafélag og félagsstarf Langholtsskóla á að vera kafli sem snýr að jafnréttismálum. Umsjónarmenn félagsstarfs skulu sjá til þess að kynin taki jafnan þátt í stjórn og mótun starfsins. Jafnrétti kynjanna skal haft að leiðarljósi við val í ræðu- og spurningalið skólans eða við hvert það tækifæri sem nemendur skólans koma fram fyrir hans hönd. Einnig skal leggja áherslu á jafna þátttöku í íþrótt- og skákmótum.

Kynferðisleg áreitni

Kynferðisleg áreitni er ekki liðin í skólanum. Nemendur eru fræddir um kynferðislega áreitni. Skólahjúkrunarfræðingur og/eða námsráðgjafi tekur að sér slíka fræðslu. Mál sem koma upp skulu sett í ákveðinn farveg og vísað til nemendaverndarráðs.

Nemendur eiga hvorki að sætta sig við áreitni af hendi samnemenda né starfsmanna skólans.

Virk samvinna við stoðþjónustuna; Þjónustumiðstöð hverfisins, Barnavernd, Barnahús og lögreglu er nauðsynleg til þess að hægt sé að tryggja best velferð nemenda.

Gert er ráð fyrir að festa árlegar kynningar fyrir nemendur.

Fræðslu má m.a. finna á þessum síðum:

[Umboðsmaður Barna](#)

[Blátt áfram](#)

[Barnahús](#)

[Upplýsingar fyrir þolendur afbrota frá Lögreglunni](#)

Jafnréttisfræðsla

Skólanum ber að fræða nemendur sína um jafnréttismál. Fræðslunni má skipta í óbeina og beina fræðslu; á beinan hátt þar sem verkefni eru unnin sem varða jafnrétti kynjanna og á óbeinan hátt þar sem jafnrétti er samþætt inn í allt starf skólans.

Á síðu jafnréttisstofu má finna úrval lesefnis, námsefnis og kennsluleiðbeininga sem snúa að fræðslu um jafnrétti kynjanna.

Kynning

Kynning á jafnréttisáætlun á að fara fram á fyrsta starfsmannafundi að hausti, kynning fyrir foreldra á kynningarfundum og fyrir nemendur í fyrsta lífsleiknitíma að hausti. Jafnréttisáætlun má finna á heimasíðu skólans og hún er hluti af skólanámskrá.

Jafnréttisáætlun Langholtsskóla



Starfsfólk

Langholtsskóli sem vinnustaður

Markmið jafnréttisstefnu Langholtsskóla er að tryggja að konur og karlar njóti jafnréttis, að starfsfólk sé metið að verðleikum og sýni hvert öðru virðingu í samskiptum.

Allar mikilvægar ákvarðanir sem varða starfsfólk skulu metnar frá jafnréttissjónarmiði.

Ráðningar

Jafnréttissjónarmið skulu höfð að leiðarljósi þegar ráðið er í stöður við skólann en þó skal hæfni einstaklingsins ávallt ráða. Hafa skal í huga að í hópi starfsfólks sé fjöldi karla og kvenna sem jafnastur. Það á einkum við um kennara þar sem kennarar eru mikilvægar fyrirmyndir nemenda og því mikilvægt að karlar og konur séu á móta sýnileg.

Launakjör

Konur og karlar skulu njóta sömu launakjara og hafa jafna möguleika á launuðum viðbótarstörfum innan skólans.

Starfsaðstæður

Starfsaðstæður skulu taka mið af þörfum beggja kynja. Það þarf að gera reglulega viðhorfskannanir og greina niðurstöður eftir kynjum. Hér er hægt að nýta sér starfsmannasamtöl og ýmsar kannanir sem tengjast innra mati sem verið er að vinna með í skólanum.

Það sem þarf að skoða sérstaklega er;

- almenn kjör
- viðhorf til starfsins
- vinnuálag – sveigjanlegur vinnutími
- aðgengi að stjórnendum
- ábyrgð í starfi
- aðgang að aðstoð eða handleiðslu
- aðbúnað – vinnuumhverfið – hæfir það báðum kynjum?
- annað

Endurmenntun og starfsþróun

Starfsfólki skulu tryggðir möguleikar til endurmenntunar og starfsþróunar, óháð kyni. Skólinn haldi námskeið fyrir kennara þar sem fjallað er um jafnrétti kynjanna og sérstaklega um jafnréttismiðaða kennslu.

Einelti og kynferðisleg áreitni

Auka skal fræðslu um einelti og kynferðislega áreitni til að stuðla að því að allt starfsfólk verði meðvitað um slík málefni og geti vísað þeim til skólahjúkrunarfræðings og/eða námsráðgjafa og nemendaverndarráðs.

Í Langholtsskóla er einelti og kynferðisleg áreitni ekki liðin

Telji starfsmaður að jafnrétti sé brotið í Langholtsskóla skal hann leita til trúnaðarmanns sem leitar lausna.

Jafnréttisáætlun Langholtsskóla



Heimildir

Hafsteinn Karlsson og Stefanía Traustadóttir. 2000. *Jafnréttis handbókin*. Námsgagnastofnun Reykjavík.

Heimasíða Menntaskólans við Hamrahlíð. (Án árs). *Jafnréttisstefna MH*. sótt 26.mars 2009 af <http://www.mh.is/skrar/.doc/jafnrettisstefna-mh.doc>

Jafnrétti í skólum, vefur Jafnréttisstofu. (Án árs). *Jafnrétti í skólum. Það læra börnin sem fyrir þeim er haft*. Sótt 26. mars 2009 af <http://www.jafnrettiiskolum.is/D10/Files/Kynningarbæklingur%2017.%20septemb.PDF>

Reykjavíkurborg. 2006. *Mannréttindastefna Reykjavíkurborgar*. Sótt 26.mars 2009 af <http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/stefnur/Mannrettindastefna.pdf>

Vefur Langholtsskóla. (Án árs). *Skólanámskrá Langholtsskóla*. Sótt 26.mars 2009 af www.langholtsskoli.is

Vefur Salaskóla. (Án árs). *Jafnréttisáætlun Salaskóla*. Sótt 26.mars 2009 af <http://www.salaskoli.is/>